



Fréttabréf Kvenréttindafélags Íslands

Túngötu 14, 101 Reykjavík. Sími 551 8156 Netfang krfi@krfi.is, www.krfi.is

3. tbl. 2007 Útgefandi Kvenréttindafélag Íslands. Ábm. Halldóra Traustadóttir



Jólafundur

Hinn árlegi jólafundur verður haldinn í samkomusal Hallveigarstaða miðvikudaginn 5. desember kl. 20:00.

Dagskrá:

Upplestur úr bókunum Talað út, e. Jónínu Leósdóttur og
Fyrsti vestur-íslenski feministinn e. Björn Jónsson
Tónlistaratriði
Glögg og piparkökur
Jólahappdrætti – glæsilegir vinningar

Sögusýning

Í tilefni 100 ára afmælis KRFÍ mun félagið opna sögusýningu í samkomusal Hallveigarstaða miðvikudaginn 5. desember kl. 16:00. Allir félagar KRFÍ eru velkomnir á opnun sýningarinnar.

Sýnd verða skjöl, myndir og aðrir munir sem rekja 100 ára sögu félagsins, sem um leið er saga jafnréttisbaráttunnar á Íslandi. Myndbandssýning verður í gangi með um 30 mín. myndskaiði með brotum úr fréttum og þáttum um KRFÍ sýndum í Ríkissjónvarpinu á tímabilinu 1967-2007. Hefur Ríkisútvarpið styrkt sýninguna með þeim hætti að lána allt efni, KRFÍ að kostnaðarlausu. Menningarfræðingarnir Anna Jónsdóttir og Þorvaldur Halldór Gunnarsson eru verkefnisstjórar sýningarinnar og sáu þau um val og uppsetningu á efni.

Sýningin mun verða opin alla daga, nema mánudaga og þriðjudaga, frá kl. 14:00-18:00 fram til 22. desember, en þá mun sýningin loka yfir hátíðarnar. Hún opnar aftur 3. janúar og verður opin til 1. febrúar 2008. Enginn aðgangseyrir verður að sýningunni og eru allir félagsmenn hvattir til að leggja leið sína að Hallveigarstöðum og kynna sér sögu félagsins.

Vinsamlegast munið að tilkynna breytt heimilisfang á skrifstofu KRFÍ eða á netfangið

krfi@krfi.is

Salur til leigu: Hægt er að leigja samkomusal Hallveigarstaða fyrir hvers kyns fundi og mannfagnaði. Tilvalið fyrir fermingarveislur vorsins og aðrar fjölskylduskemmtanir. Fullbúið eldhús og borðbúnaður fyrir allt að 100 manns. Hafið samband við Aðalstein Aðalsteinsson, húsvörð Hallveigarstaða, í síma 8933029.

Skrifstofa til leigu: Á 1. hæð Hallveigarstaða er til leigu skrifstofa með húsgögnum. Tilvalið fyrir fræðimenn og rithöfunda. Aðgangur að eldhúsi og fundaraðstöðu. Vinsamlegast hafið samband við Þorbjörgu I. Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Hallveigarstaða, í síma 511 5101 eða á netfangið krfi@krfi.is.

Í umræðunni

Nýting kvenorkunnar

Nokkrar áhugaverðar ráðstefnur hafa verið haldnar á haustmánuðum. Einni þeirri síðastu í röðinni stóð Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum (RIKK) fyrir í Háskóla Íslands. Meðal þeirra sem fluttu erindi var utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem taldi að ein auðlind landsins væri nær ónýtt í útflutningi Íslands, t.d. sem hluti af þróunaraðstoð, en það er kvenorkan. Þótti utanríkisráðherra nauðsynlegt að nýta þessa orku ekki síður en raforkuna og auðlindir sjávar. Einnig kom upp sú hugmynd á ráðstefnunni að sett yrði á laggirnar þekkingasetur sem byggði á þeirri þekkingu og reynslu sem konum hefur áskotnast í gegnum tíðina við atvinnuþátttöku og aukna menntun, sem og á þeirri þekkingu sem byggst hefur upp hjá RIKK.

Foreldrajafnrétti

Nokkur umræða hefur verið undanfarið um ójafna stöðu foreldra við skilnað varðandi forsjá barna þeirra. Lagt hefur verið fram frumvarp á Alþingi sem tekur á þessum málum. Í því sambandi má líta til reynslu nágrannalanda okkar en ný lög tóku gildi í Danmörku á þessu ári sem nefnast Lögin um ábyrgð foreldra (Forældreansvarsloven). Lögunum hefur að jafnaði verið vel tekið af kvenna-hreyfingunni að þeim ákvæðum undanskildum sem hreyfingin telur að muni helst koma niður á konum.

Í síðasta tölublaði *Kvinden & Samfundet*, sem Dansk Kvindesamfund gefur út, er fjallað um lögin. Þau taka til forræðis barna við skilnað foreldra. Lögin eru almennt talin stór liður í jafnréttisbaráttu kynjanna en þó ekki gallalaus. Í nýju lögunum er réttur barna til beggja foreldra tryggður með því að fela báðum foreldrum forsjá barna sinna (nema í alvarlegum tilvikum þar sem um ofbeldi, óreglu eða annað slíkt er að ræða af hálfu annars foreldris) og að umgengi við börnin verði einnig svo jöfn sem kostur er á.

Lög millistéttarinnar

Gagnrýnendur benda hinsvegar á að lögin taki nær eingöngu mið af þeim hópi fólks sem kemst sjálft að samkomulagi um málefni barnsins, umgengni við það, búsetu, o.s.frv. Það eigi við stærstan hluta þeirra sem skilja og af þeim sökum spyrja gagnrýnendur laganna hvaða úrræðum þeim sé ætlað, sem falli ekki inn í mynstur meirihlutans og þá sérstaklega í þeim tilvikum þar sem ofbeldi kemur við sögu. Lögin líti þannig alfarið fram hjá stöðu þess fólks sem á í miklum ágreiningi við fyrrverandi maka og einnig í þeim tilfellum þar sem ofbeldi hefur verið beitt en engir dómar liggja fyrir svo hægt sé að dæma öðru foreldrinu forsjána. Rannsóknir sýna að konur eru í miklum meirihluta þess hóps sem eru þolendur ofbeldis í hjónabandi og geta því þessi nýju dönsku lög haft neikvæðar afleiðingar fyrir þær konur sem lifað hafa í ofbeldisfullu hjónabandi, þar sem eiginmaðurinn hefur aldrei hlotið dóm eða hefur jafnvel aldrei verið kærður til lögreglu fyrir ofbeldið. Í þeim tilvikum verði konur að lúta lögum og deila forsjá yfir börnum sínum með fyrrverandi eiginmönnum sem hafa beitt þær og jafnvel börnin grófu ofbeldi. Þá hefur einnig verið bent á þetta geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir börn sem ekki vilja hafa samskipti við annað foreldrið. Nú sé það fest í lög að börnin eigi að hafa umgegni við báða foreldra sína.

Eins og áður sagði er sá hópur foreldra sem þetta á við um í miklum minnihluta, bæði í Danmörku og hér á landi. Það er ljóst að lög geta aldrei tekið mið af öllum aðstæðum og því er mikilvægt að gefa lagalegt rúm til undantekningartilfella. Gagnrýnin á dönsku lögin er einnig vísbending um það að jöfnuður kynjanna fyrir lögum hefur ekki alltaf í för með sér jöfnuð kynjanna í reynd. Það er því í mörg horn að líta þegar lög eru samin sem tryggja eiga jafnrétti kynjanna. Þetta undirstrikar þá nauðsyn að hafa kvennahreyfinguna með í ráðum þegar ný jafnréttislög eru samin.

Kaup á vændi gert refsivert í Noregi

Stjórnarfrumvarp hefur verið lagt fram í Noregi þess efnis að gera kaup á vændi refsivert. Þetta er mikilvægt skref í þá átt breyta almennri afstöðu í samfélaginu til vændis og að draga úr eftirspurn á vændi sem og á markaðinum fyrir vændi, þ.m.t. mansali. Um leið senda hin nýju lög þau skilaboð að það sé ekki í lagi að kaupa sé afnot af líkama annarra.

Einnig er búið að samþykka ný lög í Noregi þess efnis að kynjahlutfall í stjórnun og ráðum fyrirtækja og stofnanna skuli ávallt vera 40/60 og ekki megi halla á annað kynið meira en sem því nemur.

Af starfi KRFÍ í haust

1. KRFÍ hefur staðið fyrir nokkrum fundum undanfarna mánuði. Fyrsti súpufundur haustsins var haldinn 5. september en þá heimsótti Maryam Namazie okkur og hélt erindi um blæjuna og konur í Íslam. Fundurinn var gríðarlega vel sóttur og snaraði Margrét Sverrisdóttir, varaformaður KRFÍ, enskunn snilldarlega yfir á íslensku. Það er skemmst frá því að segja að Maryam Namazie er eindregið á móti notkunar blæjuna og taldi hana kúgunartæki karlmanna í íslömskum löndum til að halda aftur af kvenréttindabaráttunni. Hægt er að lesa erindi Maryam á heimasíðu KRFÍ á slóðinni www.krfi.is/krfi/content/view/95/1/

2. Um miðjan september flutti Laurie Bertram erindi á síðdegisfundi um Elinu Salome Halldorsson (1887-1970) sem var Vestur-Íslendingur og sat á löggjafarþingi Manitoba-fylkis í Kanada á árunum 1936-1941. Hægt er að lesa um þessa stórmerku konu á slóðinni: <http://www.krfi.is/krfi/content/view/83/1/>

3. Annar súpufundur haustsins var haldinn 10. október þar sem jafnlaunamálin voru rædd í pallborði af Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra, Hannesi G. Sigurðssyni aðstoðarframkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins og Hlé Guðjónssyni frá Háskólanum á Bifröst.

Súpufundir eru að festast í sessi sem reglulegur viðburður í starfi KRFÍ. Á næsta misseri stendur til að halda súpufundi í febrúar, apríl og maí. Súpufundir eru auglýstir á heimasíðu KRFÍ og á póstlitum félagsins. Þeir sem vilja tengjast póstlista félagsins geta gert það með því að senda inn tölvupóst á krfi@krfi.is.

4. Bríetarbrekka var afhjúpuð 7. nóvember. Ólöf Nordal myndlistarkona hannaði minningarreitinn sem unninn er eftir veggteppi sem Bríet saumaði handa dóttur sinni Laufeyju Valdimarsdóttur, með eftirfarandi ljóði sem talið er að Bríet hafi ort: "Stígðu ófeimin stúlka upp og stýrðu klæði, yfir geiminn, yfir græði, allan heiminn skoða í næði". Á það við jafnt í dag sem fyrr.



Bríetarreitur á horni Þingholtsstrætis og Amtmannsstígs

5. Þrír aðilar hafa fengið viðurkenningu frá KRFÍ undanfarið. Fyrsti kvenformaður Læknafélags Íslands, Birna Jónsdóttir, fékk afhent blóm frá fulltrúum KRFÍ í nóvember og Helga Guðjónsdóttir fékk sömuleiðis blómvönd frá KRFÍ, en hún er fyrst kvenna til að gegna formennsku UMFÍ í 100 ára sögu félagsins. Stjórn KRFÍ þykir ástæða til að samgledjast þeim konum sem hasla sér völl á dæmigerðum karlavígstöðvum en viðurkenningin er einnig ætluð til að vekja athygli og hvetja aðrar konur áfram. Fulltrúar KRFÍ veittu einnig byggingavöruverslunni Mest viðurkenningarskjal fyrir

auglýsingu þeirra “Þú ferð létt með að saga til næsta bæjar” sem þykir ýta undir jákvæða ímynd kvenna og er um leið hvatning til þess að hafa ávallt í huga jafnrétti kynjanna við auglýsingargerð.

Aðalþing IAW

Aðalþing International Alliance of Women var haldið í Nýju Delhí á Indlandi í lok október síðastliðinn. Stjórn KRFÍ tilnefndi Þorbjörgu I. Jónsdóttur, formann KRFÍ, Margræti Steinarsdóttur gjaldkera KRFÍ og Halldóru Traustadóttur framkvæmdastjóra, sem fulltrúa KRFÍ á þingið. Þorbjörg hefur setið í stjórn IAW síðatliðin tvö kjörtímabil en setu hennar í stjórn IAW lauk á þinginu. Hún mun þó áfram leiða starf aðildafélaga samtakanna á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum. Margræt Steinarsdóttir bauð sig fram í stjórn IAW og hlaut hún glæsilega kosningu með næst flestan atkvæðafjölda að baki sér af þeim 16 konum sem buðu sig fram til stjórnar. Hún mun einnig leiða starf innan IAW varðandi mannréttindi og CEDAW-sáttmálann um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Ásgerður Jóna Flosadóttir, sem situr í aðalstjórn KRFÍ fyrir Frjálslynda flokkinn, sótti einnig þingið en hún er með einstaklingsaðild að samtökunum. Fékk hún einnig úthlutað því verkefni að fá fleiri ungar konur til liðs við samtökin. Þáttur KRFÍ verður því drjúgur í starfi IAW næstu árin.

Þeir sem eru nú þegar aðilar að samtaökunum er bent á að KRFÍ getur verið milliliður í því að greiða félagsgjöld, o.s.frv. og þeim sem vilja gerast meðlimir er bent á að hafa samband við skrifstofu KRFÍ og nálgast kynningarefni. Heimasíða IAW er: www.womenalliance.org

Bókartilboð til félagsmanna KRFÍ

Komin er út bókinn **Fyrsti vestur-íslenski feministinn - Þættir úr baráttusögu Margrætar J. Benedictsson**, eftir Björn Jónsson, sem bókaútgáfan Hólar gefur út. Nú gefst félagsmönnum KRFÍ tækifæri á því að tryggja sér þessa bók á góðum kjörum, aðeins kr. 4.000.- en fullt verð bókarinnar í bókabúðum er kr. 4.980.- Hægt er að nálgast bókina á skrifstofu KRFÍ sem er opin alla virka daga frá kl. 9-12. Einnig er hægt að fá hana senda í póströfu. Tryggið ykkur eintak í síma 551 8156 eða á netfanginu krfi@krfi.is

Við minnum einnig á að við eigum ennþá eintök af bók Sigríðar Th. Erlendsdóttur um sögu Kvenréttindafélags Íslands: Veröld sem ég vil. Eintakið kostar einungis 2.000 kr.

Hádegisfundur 3. desember

Í tilefni af 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi, standa KRFÍ og Alþjóðahúsið að hádegisfundi á Kaffi Cúltúra í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu, 3. desember kl. 12:00. Efni fundarins er mansal á Íslandi. Lögfræðingarnir Margræt Steinarsdóttir og Þorbjörg I. Jónsdóttir flytja erindi ásamt Sigríði Friðjónsdóttur saksóknara. Umræður. Allir velkomnir.

16 daga átakið er nú ýtt úr vör í 17. sinn á alheimsvísu en þetta er í 4. sinn sem það er haldið á Íslandi. Markmið átaksins er að draga kynbundið ofbeldi fram í dagsljósið sem mannréttindabrot. Hópar og samtök um allan heim hafa nýtt átakið til þess að krefjast aðstodar og stuðnings til handa fórnarlömbum ofbeldisins, til að styrkja forvarnarstarf og að þrýsta á um breytingar á löggjöf til að bæta réttarstöðu þolenda. Þá hefur átakið verið nýtt til að stuðla að því að alþjóðlegum mannréttindum sé beitt til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi sem mannréttindabroti, heilbrigðisvandamáli og ógn við mannfrelsi og frið um allan heim.

Kvenréttindafélag Íslands óskað öllum félagsmönnum sínum gleðilegrar jólahátíðar!

